

# R 3-4A

Stjórnartíðindi B-deild, Nr. 102/1994

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna takmörkunar á hávaða frá loftförum

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 2. og 5. tölulið XVII. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XVII. viðauka. Eftirtaldar tilskipanir öðlast því gildi:

1. ....
2. Tilskipun ráðsins 89/629/EBE frá 4. desember 1989 um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga undir hljóðhraða.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytið, 7. febrúar 1994*

**Halldór Blöndal.**

Ragnhildur Hjaltadóttir

**Fylgiskjöl með samningnum um Evrópska Efnahagssvæðið (EES), II. viðauki (undirflokkar XIV-XXIV), bls. 97-99. [Stjórnartíðindi EB, dags. 13.12.1989, Nr. L 363/27]**

#### TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 4. desember 1989

um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga undir hljóðhraða (89/629)EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar<sup>1</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins<sup>2</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar<sup>3</sup>,

<sup>1</sup> Stjtið. EB nr. C 37, 14.2. 1989, bls 6.

<sup>2</sup> Stjtið. EB nr. C 158, 26. 6.1989, bls. 492.

<sup>3</sup> Stjtið. EB nr. C 221, 28.8. 1989, bls. 1.

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Það hefur umtalsverð áhrif á flugsamgöngur þegar hávaðastöðlum er beitt á almennar þotur sem fljúga undir hljóðhraða, einkum þegar þessir staðlar setja skorður við hvaða gerðir flugvéla flugfélögum er heimilt að reka, stuðla að fjárfestingum í nýjustu og hljóðlátustu flugvélum sem fánlegar eru og greiða fyrir betri nýtingu þeirrar aðstöðu sem fyrir er, þar á meðal flugstöðva. Tilskipun 80/51/EBE<sup>4</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun 83/206/EBE<sup>5</sup>, setur takmörk við slíkum hávaða.

Forgangsráttun ráðsins um athugun á málefnum loftflutninga getur um sendingar frá flugvélum, þar á meðal hávaða.

Í umhverfisráttun Evrópubandalaganna<sup>6</sup> kemur skýrt fram hve vandamál af völdum hávaða eru mikil og einkum þó nauðsyn þess að gripið sé til aðgerða gegn hávaða af völdum flugumferðar.

Draga ber enn frekar úr hávaða frá flugvélum með hliðsjón af umhverfisþáttum, tæknilegum möguleikum og efnahagslegum afleiðingum.

Því er rétt að setja skorður við því að almennar þotur sem fljúga undir hljóðhraða séu teknar til skráningar í aðildarríkjunum nema þær fullnægi stöðlum sem tilteknir eru í 3. kafla II. hluta I bindis viðauka 16 við samþykkt um alþjóðaflug 2. útgáfu 1988. Í tengslum við myndun svæðis án innri landamæra væri sanngjarnt að undanþiggja flugvélar sem eru á þjóðernisskrá aðildarríkis 1. nóvember 1990 frá reglunni um takmörkun skráninga. Sökum þess frelsis til flutninga sem það hefði í för með sér er mjög mikilvægt að undanþágur séu takmarkaðar og vel sé fylgst með þeim sem veittar eru og þær hafðar tímabundnar.

Innleiða ber sameiginlegar reglur sem þjóna þessum tilgangi á hæfilega löngu tímabili til að tryggja samhæfða aðferð í öllum aðildarríkjunum til viðbótar gildandi reglum. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirrar hvatningar til aukins frjálsræðis í evrópskum flugsamgöngum sem gætt hefur að undanfögnu.

Það starf sem bandalagið tókst á hendur í samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir hefur leitt í ljós að takmarkanir á því að flugvélar sem geta ekki fullnægt hávaðastöðlum sem tilteknir eru í 3. kafla fyrrnefnds viðauka 16 séu teknar til skráningar í aðildarríkjunum hafa í sjálfu sér lítt bætandi áhrif á umhverfið og ættu því einungis að vera hugsaðar sem fyrsti áfangi sem fylgja beri eftir með ráðstöfunum sem takmarka flug flugvéla sem fullnægja ekki stöðlum 3. kafla umrædds viðauka 16.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Markmið þessarar tilskipunar er að setja strangari reglur um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga undir hljóðhraða.
2. Tilskipun þessi skal ekki gilda um flugvélar með hámarks massa við flugtak sem er 34000 kg eða minni og nítján sæta rými eða minna.

<sup>4</sup> Stjttfð. EB nr. L 18, 24.1.1980, bls. 26.

<sup>5</sup> Stjttfð. EB nr. L 117, 4.5. 1983, bls. 15

<sup>6</sup> Stjttfð. EB nr. C 328, 7.12. 1987, bls. 1.

**2. gr.**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að frá og með 1. nóvember 1990 sé ekki heimilt að fljúga almennum þotum, sem fljúga undir hljóðhraða og skrásettar eru á yfirráðasvæði þeirra eftir þann dag, á yfirráðssvæði þeirra eða yfirráðasvæði annars aðildarríkis nema þær hafi hávaðavottorð í samræmi við staðla sem að minnsta kosti jafnast á við þá sem tilteknir eru í 3. kafla II. hluta I. bindis viðauka 16 við samþykkt um alþjóðaflugmál 2. útgáfu 1988.
2. 1. málsgrein skal ekki gilda um flugvélar sem eru á þjóðernisskrá aðildarríkjanna 1. nóvember 1990.
3. Umdæmin erlendis sem getið er um í 2. mgr. 227 gr. sáttmálans skulu ekki teljast til yfirráðasvæðisins sem um ræðir í 1. mgr.

**3. gr.**

Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þau markmið sem sett eru fram í 1. mgr. 1. gr. séu ekki sniðgengin, til dæmis með einhvers konar leigusamningi.

**4. gr.**

Aðildarríkjum er heimilt að veita undanþágur frá 2. gr. vegna:

- a) flugvéla sem hafa sögulegt gildi;
- b) flugvéla sem notaðar eru af flugrekanda í aðildarríki fyrir 1. nóvember 1989 samkvæmt gildandi kaupleigu- eða leigusamningi og hafa sem slíkar verið skrásettar í ríki utan bandalagsins;
- c) flugvéla sem leigðar eru flugrekanda í ríki utan bandalagsins og hafa þess vegna verið teknar af þjóðernisskrá aðildarríkis um tíma;
- d) flugvélar sem kemur í stað flugvélar sem hefur eyðilagst í slysi og flugrekandinn getur ekki fengið á markaði í hennar stað sambærilega flugvél með hávaðavottun eins og kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr., að því tilskildu að skrásetning flugvélarinnar sem fengin er í staðinn fari fram innan árs frá umræddu slysi;
- e) flugvéla knúðar vélum með hjástreymishlutfalli sem er 2 eða hærra.

**5. gr.**

Aðildarríkjum er heimilt að veita undanþágur frá 2. gr. til að byrja með til allt að þriggja ára sem síðan má framlengja til allt að tveggja ára, að því tilskildu að undanþágurnar renni út 31. desember 1995, vegna:

- flugvéla sem eru teknar á skammtímaleigu frá ríki utan bandalagsins, að því tilskildu að flugrekandinn sýni fram á að þetta sé viðtekin venja í hans atvinnugrein og að án undanþágu biði rekstur hans hnekki,
- flugvéla flugrekanda sem sýnir fram á að án undanþágu biði rekstur hans hnekki sem ósanngjarn má teljast.

**6. gr.**

1. Aðildarríki sem veitir undanþágur skal tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni um þær.
2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

**8. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildaríkjanna.

Gjört í Brussel 4. desember 1989.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. DELEBARRE

*forseti*

---

### **Orðsending frá ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands**

Ráðinu hefur borist eftirfarandi orðsending frá ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands:

“Þegar ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands lagði fram fullgildingarskjöl stofnsáttmála Evrópubandalaganna lýsti hún því yfir að þessir sáttmálar giltu jafnt um sambandsríkið Berlín. Um leið lýsti hún því yfir að réttindi og skyldur Frakklands, Breska konungsríkisins og Bandaríkjanna gagnvart Berlín breyttust ekki. Í ljósi þeirrar staðreyndar að almennt flug er eitt þeirra sviða þar sem nefnd ríki hafa sérstaklega áskilið sér völd í Berlín og í kjölfar samráðs við ríkisstjórnir þessara ríkja lýsir ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands því yfir að tilskipun ráðsins 89/629/EBE um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga undir hljóðhraða nær ekki til sambandsríkisins Berlínar.”